

Nd.

379. Breytingartillögur

við frv. til laga um útrýming fjárkláða.

Frá Jóni Sigurðssyni, Tryggva Þórhallssyni og Þórarni Jónssyni.

1. 1. gr. orðist svo:

Heimilt er ríkisstjórninni að láta fram fara um land allt böðun á sauðfje til útrýmingar fjárkláða. Skulu dýralæknar landsins standa fyrir framkvæmdum, hver í sínum fjórðungi, allt undir umsjón dýralæknisins í

Reykjavík, og taka þeir sjer aðstodarmenn eftir þörfum. Atvinnumálaráðherra ákveður, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, hvenær útrýmingarböðunin skuli hafin, en hún má þó ekki byrja fyr en í árslok 1930, enda sje þá öllum undirbúningi og rannsóknum að fullu lokið og heyafli bænda í betra lagi.

2. 1. málslíður 3. gr. orðist þannig:

Útrýming fjárkláðans skal í aðaldráttum framkvæmd á þann hátt, að alt fje á landinu sje baðað úr því kláðabaði, er reynst hefir öruggast samkvæmt tilraunum dýralæknanna. Baða skal hverja kind 3 böðum með hæfilegu millibili. Um leið og baðað er fyrsta útrýmingarbaðinu, skal fram fara nákvæm kláðaskoðun og merking á hverri kind. Heimilt er atvinnumálaráðherra, í samráði við dýralækni, að leyfa, að baða skuli aðeins 2 böðum í þeim sýslum eða sveitum, er kláða hefir þá ekki orðið vart í síðustu 3 ár, enda verði skoðunarmenn einskis kláða varir.

3. Á eftir orðunum »flutningskostnaðar á hafnir« í 2. málsg. 3. gr. komi: þó greiði rikissjóður aðeins $\frac{1}{2}$ andvirðis baðlyfja og $\frac{1}{2}$ flutningskostnaðar þar, sem aðeins er baðað 2 útrýmingarböðum.

4. 5. gr. verði 2. gr. og orðist þannig:

Atvinnumálaráðuneytið skal fela dýralæknum landsins að rannsaka og gera tilraunir með, hvaða baðlyf sje öruggast og hentugast til notkunar við útrýmingarböðunina. Skal stjórninni heimilt að verja fje til tilrauna í því skyni.